



Nefndasvið Alþingis
Utanríkisráðgjafi
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1852
komudagur 4.3.2013

Reykjavík, 4. mars 2013

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 582. mál 141. löggjafarþings 2012-2013.

Félag Sameinuðu þjóðanna lýsir ánægju sinni með fram komna þingsályktunartillögu og að alþjóðleg þróunarsamvinna verði áfram ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu. Þá fagnar félagið hve rík áhersla er lögð á samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, undirstofnanir og tengda aðila með hliðsjón af þeim gildum, samþykktum og markmiðum sem gilda um málaflökkinn á þeim vettvangi.

Á tímum niðurskurðar í ríkisfjármálum krefst markmiðið, um 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu árið 2019, víðtæks og öflugs stuðnings almennings. Jafnar hækkanir í skrefum er sú leið sem Alþingi hefur áður varðað með ályktun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Sú leið hefur notið þverpólítísks stuðnings á þingi og er talin raunhæfari en t.d. 28 ára gamalt markmið, sbr. ályktun Alþingis nr. 25/107, frá 28. maí 1985, um að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrði 0,7% af þjóðarframleiðslu innan sjö ára.

Forsenda framangreinds markmiðs til langs tíma er stórefling á skipulögðu starfi að því að fá almennig til almennrar umræðu, fylgis og stuðnings við markmið Sameinuðu þjóðanna um þróun. Það hefur verið eitt meginmarkmiðið Félags Sameinuðu þjóðanna í um 65 ár, en upplýsing almennings er m.a. viðurkennd (ODA) eftir alþjóðlegum mælikvarða OECD–DAC.

Félag Sameinuðu þjóðanna telur þingsályktunartillöguna vel unna og yfirgripsmikla og leggur til að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Berglind Sigmarsdóttir, framkvæmdastjóri
Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi